



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu

Eyrún Jenný Bjarnadóttir

2018

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2018

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurlóð, IS-600 Akureyri

Sími: (+354) 460-8930

Rafpóstur: rmf@unak.is

Veffang: www.rmfi.is

Titill: Viðhorf íbúa á Vestfjörðum til ferðamanna og ferðaþjónustu

Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Ásprent-Stíll og Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-06-2018

ISBN: 978-9935-437-66-2

ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Ísafjarðardjúp © Visit Westfjords. Ljósmynd: Haukur Sigurðsson

Öll réttindi áskilin. Skýrsla þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

VIÐHORF HEIMAMANNA TIL FERÐAMANNA OG FERÐAÞJÓNUSTU 2017 Á VESTFJÖRÐUM

Ferðamennska hefur áhrif á samfélag og samfélagið er ein af lykilstoðum sjálfbærrar ferðamennsku. Mikilvægt er að fylgjast með viðhorfum heimamanna gagnvart ferðaþjónustu og ferðamönnum með reglubundnum könnunum. Markmið þessarar könnunar var að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi haustið 2017. Einnig var kannað hvort einhverjar breytingar í viðhorfum landsmanna hafa átt sér stað frá síðustu könnun sem gerð var á landsvísu 2014. Í þessari samantekt er að finna svör íbúa á svæði Markaðsstofu Vestfjarða við völdum spurningum úr könnuninni. Heildarskýrsla með niðurstöðum allrar könnunarinnar á landsvísu og samanburði milli landsvæða er væntanleg vorið 2018.

Rannsóknin er fjármögnuð af atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Gagnaöflun var í höndum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Akureyri.

Aðferðir og framkvæmd


Gerð var símakönnun meðal landsmanna í september – nóvember 2017. Tekið var 5.524 manna lagskipt úrtak af landinu öllu og var fjöldi svara 2.370 (svarhlutfall 43%). Á Vestfjörðum voru 784 manns í úrtakinu og fjöldi svara var 303 (svarhlutfall 39%). Svör voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu og marktektarpróf gerð til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Fyrir utan greiningu á landsvísu voru niðurstöður könnunarinnar greindar eftir búsetu svarenda niður á sjö svæði sem samsvara starfssvæðum markaðsstofa landshlutanna. Gögnin voru greind með tilliti til nokkurra bakgrunnspátta. Þeir eru: kyn, aldur, menntun, búseta, lengd búsetu á viðkomandi svæði, staða á vinnumarkaði, hvort svarandi starfi við ferðaþjónustu og hvort hann geti hugsað sér að starfa við hana. Í samantektinni er það sérstaklega tekið fram ef sá munur sem fannst á svörum reyndist marktækur með tilliti til þessara bakgrunnspátta.

Úrtak og bakgrunnur svarenda á Vestfjörðum

Vestfirðir		Fjöldi	Hlutfall
	Úrtak	784	
	Fjöldi svara	303	39%
Kyn	Karlar	155	51%
	Konur	148	49%
Aldur	18-29	24	8%
	30-44	72	24%
	45-59	106	35%
	60+	103	34%
Menntun	Grunnskólanám eða minna	78	26%
	Stúdentspróf eða iðnnám	110	36%
	Annað starfsnám	22	7%
	Háskólapróf	88	29%
Lengd búsetu á Vestfjörðum	5 ár eða skemur	35	11%
	6-10 ár	26	9%
	11-20 ár	33	11%
	21-30 ár	39	13%
	Lengur en 30 ár	171	56%
Staða á vinnumarkaði	Í launuðu starfi	188	62%
	Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	59	19%
	Í námi	3	1%
	Á eftirlaunum	37	12%
	Annað	15	5%
Starfar þú við ferðaþjónustu?	Já	64	21%
	Nei	239	79%
Gætir þú hugsað þér að starfa við ferðaþjónustu?	Já	134	44%
	Nei	102	34%




VIÐHORF VESTFIRÐINGA TIL FJÖLDA FERÐAMANNA



HÆFILEGA MARGIR FERÐAMENN Á SUMRIN

Íbúar á Vestfjörðum eru ekki langt frá landsmeðaltalinu þegar kemur að mati á fjölda ferðamanna og ljóst að flestum (59%) þykir fjöldinn hæfilegur. Engu að síður þykir rétt um fjórðungi íbúa ferðamenn heldur (13%) eða allt of margir (10%). Þá voru hlutfallslega fleiri á Vestfjörðum en á landinu í heild sem töldu ferðamenn vera of fáa yfir sumartímenn. Munur á svörum íbúa á Vestfjörðum samanborið við landið allt reyndist marktækur.

Karlar á Vestfjörðum voru frekar þeirrar skoðunar að fjöldinn væri hæfilegur en konur voru líklegri til að telja að ferðamenn væru of margir. Þeir sem störfuðu í öðrum atvinnugreinum en ferðaþjónustu og þeir sem ekki gátu hugsað sér að starfa í ferðaþjónustu voru frekar en aðrir hópar á því að fjöldi ferðamanna væri of mikill.



FÁIR FERÐAMENN Á VETURNA

Íbúar á Vestfjörðum skera sig nokkuð frá landsmeðaltalinu og ljóst að margir Vestfirðingar telja ferðamenn á svæðinu vera of (31%) eða heldur fáa (42%) yfir vetrartímenn. Aðeins fjórðungur íbúa taldi ferðamenn vera hæfilega marga á veturna. Marktækur munur var á svörum Vestfirðinga samanborið við landið allt.

Afar lítil munur var á svörum mismunandi hópa á Vestfjörðum. Karlar og einstaklingar sem starfa í ferðaþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér starf í ferðaþjónustu töldu þó frekar en aðrir hópar að fjöldinn væri of lítill yfir vetrartímenn.



VIÐHORF TIL FJÖLDA FERÐAMANNA SUMAR OG VETUR 2017 – ALLIR LANDSHLUTAR

Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á sumrin?

	Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)	Hæfilegur (3)	Heldur of lítill (2)	Allt of lítill (1)	Fjöldi	Meðaltal
Landsmenn 2017	8,0%	18,7%	60,7%	10,5%	2,2%	2336	3,2
Austurland	5,7%	18,4%	56,5%	16,9%	2,5%	349	3,1
Höfuðborgarsvæðið	10,3%	18,9%	66,5%	3,3%	1,0%	367	3,3
Norðurland	4,3%	19,3%	67,4%	7,6%	1,4%	363	3,2
Suðurland	11,8%	30,0%	52,0%	5,6%	0,6%	350	3,5
Reykjanes	4,6%	15,1%	69,1%	9,4%	1,8%	285	3,1
Vestfirðir	9,9%	13,1%	59,4%	14,2%	3,3%	305	3,1
Vesturland	8,8%	14,0%	54,2%	17,7%	5,3%	317	3,0

HÖFUÐBORGARSVÆÐI OG SUÐURLAND FINNA MEST FYRIR FJÖLDA FERÐAMANNA

Að mati flestra landsmanna er fjöldi ferðamanna hæfilegur á sumrin. Innan við fjórðungur íbúa allra landshluta nema Höfuðborgarsvæðis og Suðurlands er þeirrar skoðunar að fjöldinn sé of mikill. Höfuðborgarsvæði og Suðurland skera sig frá öðrum svæðum þar sem marktækt fleiri töldu fjölda ferðamanna á sumrin vera heldur eða allt of mikinn.

Hvað finnst þér um fjölda erlendra ferðamanna í þinni heimabyggð á veturna?


	Allt of mikill (5)	Heldur of mikill (4)	Hæfilegur (3)	Heldur of lítill (2)	Allt of lítill (1)	Fjöldi	Meðaltal
Landsmenn 2017	2,3%	4,4%	49,3%	29,5%	14,5%	2299	2,5
Austurland	2,0%	4,0%	37,3%	34,7%	22,0%	344	2,3
Höfuðborgarsvæðið	3,4%	5,4%	70,1%	18,3%	2,8%	354	2,9
Norðurland	0,5%	1,8%	44,8%	38,8%	14,1%	359	2,4
Suðurland	4,7%	8,0%	66,4%	15,1%	5,9%	343	2,9
Reykjanes	0,7%	6,1%	55,7%	28,0%	9,5%	282	2,6
Vestfirðir	1,6%	0,7%	24,5%	42,3%	30,9%	301	2,0
Vesturland	2,9%	4,8%	42,6%	31,4%	18,3%	316	2,4

FÁIR FERÐAMENN Á VESTFJÖRÐUM OG AUSTURLANDI Á VETURNA

Landsmenn skiptast í tvær fylkingar um fjölda ferðamanna að vetri; þá sem telja fjöldann hæfilegan og þá sem telja fjöldann of lítinn. Viðhorfið er misjafnt eftir svæðum. Íbúar á Höfuðborgarsvæði, Suðurlandi og á Reykjanesi töldu frekar að ferðamenn væru hæfilega margir en á Vestfjörðum og Austurlandi fannst íbúum ferðamenn vera of fáir á veturna. Afar fáir töldu fjölda ferðamanna vera of mikinn á veturna.



ÁHRIF Á DAGLEGT LÍF HEIMAMANNA



Hversu oft verður þú var/vör við ferðamenn í þinni heimabyggð?

	Nánast daglega	1-3 sinnum í viku	1-3 sinnum í mánuði	Sjaldnar en einu sinni í mánuði	Fjöldi
Landsmenn 2017	78,3%	16,0%	3,5%	2,2%	2363
Austurland	82,7%	14,2%	2,0%	1,1%	354
Höfuðborgarsvæði	61,1%	21,3%	8,8%	8,7%	375
Norðurland	83,2%	15,1%	1,1%	0,5%	366
Suðurland	88,6%	8,6%	2,3%	0,6%	352
Reykjanes	84,8%	11,4%	2,8%	1,0%	287
Vestfirðir	80,2%	18,1%	1,3%	0,4%	305
Vesturland	69,0%	22,9%	5,9%	2,2%	324
Starfar við ferðaþjónustu	86,1%	9,0%	3,1%	1,8%	446
Starfar ekki í ferðaþjónustu	76,4%	17,6%	3,6%	2,3%	1914

ÓNÆÐI VEGNA FERÐAMANNA


HEFUR EKKI AUKIST

Á Vestfjörðum urðu átta af hverjum tíu íbúum nánast daglega varir við ferðamenn. Höfuðborgarsvæði og Vesturland skera sig úr fyrir þær sakir að hlutfallslega urðu færri íbúar þar en á öðrum svæðum daglega varir við ferðamenn. Þrátt fyrir að flestir hafi orðið nær daglega varir við ferðamenn töldu langflestir landsmenn sig ekki verða fyrir meira ónæði en áður vegna ferðamanna. Þeir landsmenn sem töldu sig finna fyrir meira ónæði voru hins vegar marktækt líklegri en aðrir hópar til að telja ferðamenn draga verulega úr lífsgæðum sínum.

Ónæði vegna ferðamanna virðist ekki hafa aukist á Vestfjörðum en þar töldu átta af hverjum tíu íbúum sig ekki hafa orðið fyrir auknu ónæði í daglega lífinu vegna ferðamanna. Um helmingur landsmanna forðast ákveðna staði þar sem vitað er að ferðamenn geta verið. Hins vegar forðast íbúar á Vestfjörðum síður en aðrir landsmenn ákveðna staði á landinu. Munur á svörum Vestfirðinga á þessum tveimur atriðum samanborið við landið allt reyndist marktækur. Athyglisvert er að Vestfirðingar eru síður en aðrir landsmenn hræddir við að keyra á þjóðvegum landsins vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Munur á svörum Vestfirðinga samanborið við landsmenn reyndist einnig marktækur.



ÁHRIF Á SAMFÉLAG HEIMAMANNA



ÁHRIF FERÐAMENNSKU ALMENNT JÁKVÆÐ

Í könnuninni voru heimamenn beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga um áhrif ferðamanna og ferðaðþjónustu á samfélag heimamanna með því að meta hversu sammála eða ósammála þeir væru þeim. Á myndinni til hliðar má sjá svör þeirra sem voru sammála fullyrðingunum. Niðurstöðurnar benda til þess að almennt telji Vestfirðingar ferðamennsku og ferðaðþjónustu hafa jákvæð áhrif á samfélagið. Almennt var mjög lítill munur á svörum íbúa á Vestfjörðum samanborið við svör af öllu landinu.

Þótt íbúar á Vestfjörðum hafi almennt verið jákvæðir lá helsti munur á svörum mismunandi hópa innan svæðisins milli þeirra sem störfuðu/störfuðu ekki í ferðaðþjónustu og þeirra sem gátu hugsað sér/gátu ekki hugsað sér að starfa í ferðaðþjónustu. Þeir sem störfuðu í ferðaðþjónustu og þeir sem gátu hugsað sér að starfa í ferðaðþjónustu voru líklegri en hinir til að vera jákvæðir gagnvart áhrifum á samfélagið.




ÁHRIF Á EFNAHAG, ÞJÓNUSTU OG VERSLUN


EFNAHAGSLEGT MIKILVÆGI UNDIRSTRIKAÐ

Ekki er nokkur vafi á efnahagslegu mikilvægi ferðapjónustu í hugum Vestfirðinga. Örlítill en þó marktækur munur mældist milli svara íbúa á Vestfjörðum samanborið við landið í heild. Vestfirðingar sem störfuðu við ferðapjónustu og þeir sem gátu hugsað sér að starfa við ferðapjónustu voru marktækt líklegri en aðrir til að telja ferðapjónustu verða mikilvæga undirstöðu fyrir íslenskt efnahagslíf næstu áratugina.

Ferðapjónusta er efnahagslega mikilvæg



Hlutfall svarenda sem voru sammála fullyrðingu




FERÐAMENN EFLA ÞJÓNUSTU OG VERSLUN

Flestir íbúar á Vestfjörðum töldu ferðamenn efla verslun í heimabyggð án þess að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu. Vestfirðir og Vesturland skáru sig engu að síður frá öðrum svæðum þar sem þar voru marktækt færri þeirrar skoðunar að ferðamenn efla verslun í heimabyggð.

Rúmlega helmingur íbúa á Vestfjörðum taldi ferðapjónustu hafa leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér og er það á pari við landsmenn almennt.



MAT HEIMAMANNA Á ÁSTANDI INNVIÐA



ÁHYGGJUR AF SAMGÖNGUM OG VEGAKERFI

Vestfirðingar skáru sig að mörgu leyti frá öðrum landsmönnum þegar kom að mati á ástandi ýmissa innviða. Vestfirðingar höfðu langmestar áhyggjur af almenningssamgöngum og af ástandi vegakerfis en voru ánægðastir allra með ástand bílastæða. Á Vestfjörðum, eins og á flestum öðrum svæðum, höfðu íbúarnir áhyggjur af ástandi almenningsalerna. Engu að síður – og ólíkt öðrum landsmönnum – taldi fimmti hver Vestfirðingur ástand almenningsalerna vera gott.


HVAÐA AÐRIR INNVIÐIR ÞARFNAST ÚRBÓTA?

SVÖR VESTFIRÐINGA VIÐ OPINNI SPURNINGU

- Bæta uppbyggingu vegakerfis á Vestfjörðum
- Fjölga salernum
- Bæta gsm-samband
- Horfa á samfélagið með augum túristans til að sjá hvað vantar
- Upplýsa fólk úr skemmtiferðaskipum um að virða umferðarmenningu og sýna fólki virðingu sem býr á staðnum
- Það vantar upplýsingamiðstöð
- Bæta þjónustu á veturna
- Bæta fræðslu til ferðamanna



VIÐHORF TIL GJALDHEIMTU FYRIRTÆKJA OG OPINBERRA AÐILA



GJALDHEIMTA HINS OPINBERA LITIN JÁKVÆÐUM AUGUM EN EKKI VERÐLAGNING FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJA

Flestir landsmenn töldu gjaldheimtu af hálfu hins opinbera vegna ferða ferðamanna og ferðaþjónustufyrirtækja á friðuðum eða friðlýstum svæðum vera mikilvæga. Munur á svörum Vestfirðinga samanborið við svör íbúa annarra landshluta nema Austurlands reyndist ekki marktækur.

Mikil meirihluti íbúa á Vestfjörðum eða rúm 70% er ekki á því að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki innheimti sanngjarnt gjald fyrir þjónustu sína. Námsmenn voru marktækt líklegasti hópurinn til þess að telja gjalddöku ferðaþjónustufyrirtækja sanngjarna. Að öðru leyti mældist enginn marktækur munur milli mismunandi hópa á Vestfjörðum í þeim spurningum sem snéru að gjaldheimtu fyrirtækja og opinberra aðila.

SAMANTEKT: FJÖLBREYTTARA MANNLÍF JÁKVÆÐAST Á VESTFJÖRÐUM EN SKEMMTIFERÐASKIPIN HAFNA ÁHRIF

Áhrif ferðamennsku og ferðaþjónustu á Vestfjörðum eru almennt jákvæð að mati heimamanna á svæðinu en þeir sem starfa við ferðaþjónustu og geta hugsað sér starf í ferðaþjónustu eru jákvæðasti hópurinn gagnvart atvinnugreininni. Að mati Vestfirðinga hefur ferðamennska og ferðaþjónusta almennt góð áhrif á samfélag og atvinnulíf og glæðir fjölbreytileikinn og uppbyggingin samfélagið lífi. Aftur á móti virðast íbúar á Vestfjörðum síður en aðrir landsmenn finna fyrir því að ferðamenn efla verslun á svæðinu. Ýmiss konar uppbygging s.s. í gistirýmum, úrbætur í vegakerfi og ýmiss konar aðstöðu hefur jákvæða þýðingu fyrir íbúana í samfélagslegu tilliti. Vestfirðingar verða oft varir við ferðamenn í sínu daglega lífi og oftast nær án þess að þeir síðarnefndu valdi miklum truflunum. Aftur á móti virðast íbúar á Vestfjörðum finna fyrir ákveðnu álagi vegna komu skemmtiferðaskipa einkum inn á Ísafjörð. Aðrar áhyggjur heimamanna snúa að tilteknum innviðum ferðaþjónustunnar, einkum vegakerfi og almenningssamgöngum en Vestfirðingar telja þó að aukinni ferðamennsku muni fylgja úrbætur á vegum og samgöngum.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Mars 2018